

Umsögn

Reykjavík
19.04.2021

VIÐTAKANDI: Betri samgöngur ohf.

SENDANDI: Hrafnkell Á. Proppé, forstöðumaður verkefnastofu Borgarlínu

Ósk Garðabæjar og Hafnarfjarðar um flýtingu gerð frumdraga á leið D

Í erindi bæjarráða Hafnarfjarðar dags. 18.3.2021 og Garðabæjar dags 24.3.2021, til Betri samgangna er kallað eftir því að kannaður verði sá möguleiki hvort hægt sé að flýta vinnu við gerð frumdraga á leið D þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir mun fyrr en áætlað er, að því gefnu að fjárveitingar verði fyrir hendi.

Í fylgiskjali er tímasett áætlun Verkefnastofu Borgarlínu um undirbúningsvinnu fyrir næstu framkvæmdalotur Borarlínu miðað við uppfærða framkvæmdaáætlun samgöngusáttmálans. Í þeirri áætlun er miðað við að hefja vinnu við frumdrög á þremur öðrum lotum nú á þessu ári. Allar þessar lotur hafa snertifleti við fyrstu lotu og þá forhönnun sem framundan er og því er mikilvægt að samræma lausnir og útfærslur. Lota fjögur sem leið D mun aka um, er inn í þessari mynd og gerum við ráð fyrir að frumdrög hefjist um mitt þetta ár, 2021.

Fyrri hluti þeirra frumdragavinnu mun snúa að snertiflötum við fyrstu lotu, Hamraborgarsvæðið og tengingu til Reykjavíkur. Í framhaldinu verður unnið að frumdrögum um Garðabæ og Hafnarfjörð en á þeim hluta þarf að huga að samstillingu við vinnu við frumdrög að stokki í Garðabæ. Áætlanir verkefnastofunnar gera ráð frumdrög á allri fjórðu lotu munu liggja fyrir um mitt ár 2023.

Í uppfærðri áætlun samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir að framkvæmdir fjórðu lotu verði á árunum 2026-29. Miðað við að frumdrög liggja fyrir um mitt ár 2023 má ætla að mögulegt væri að hefja framkvæmdir á árinu 2025 ef það fellur vel að öðrum lykilframkvæmdum samgöngusáttmálans, samspil þeirra við umferðflæði og til þess veitist fjárhagslegt svigrúm.

Í áætlun verkefnastofu Borgarlínu er gefin góður tími í frumdrög fjórðu lotu þar sem framkvæmdir eru ekki alveg á næsta leyti. Það eru mörg önnur þung verkefni í gangi á sama tíma og verði er að setja upp skýrari umgjörð um verkefnið í heild, sem og aðkomu og kostnaðarskiptingu ólíkra aðila. Því var farin sú leið að tvískipta gerð frumdraga fyrir 4. lotu. Það mun skýrast síðar á þessu ári hvort verkefnastofan hafi bolmagn til að halda fleiri boltum á lofti en núverandi áætlunin gerir ráð fyrir. Verði raunin sú gætu frumdrög af allri fjórðu lotu legið fyrir um mitt ár 2022.

Framkvæmdaráætlun fyrir fyrstu 6 lotur Borgarlínu

